



Með fyrirtækjum skal land byggja


Ágætu fundargestir!

Ég vil byrja á því að þakka fyrir að fá að taka þátt í þessum áhugaverða fundi og gefa mér um leið tækifæri til að fjalla í stuttu máli um þau áhrif sem uppbyggingin á Grundartanga hefur haft á Akranesi og hvernig heimamenn hafa nýtt sér þetta tækifæri -- samfélaginu og fólkinu á Akranesi til framdráttar.

Yfirskrift þessa erindis er **“Með fyrirtækjum skal land byggja”**. -- Með öðrum orðum - atvinnulíf og atvinnurekstur er forsenda byggðar eða a.m.k. mikilvægasta undirstaða hennar. **Ef engin fyrirtæki og engin starfsemi er til staðar, þá er engin forsenda fyrir byggð!**



Ég get tekið undir þetta sjónarmið því augljósasta dæmið sem styður um leið þessa fullyrðingu má lesa úr íbúapróun á Akranesi undanfarna hálfu öld eða svo. Atvinnulíf og afkoma fyrirtækja og um leið tilkoma nýrra fyrirtækja kemur skýrt fram þegar þessi þróun er skoðuð nánar. Það er beint samband þarna á milli.



Þegar tölur varðandi íbúapróun á Akranesi eru skoðaðar má sjá að á árunum 1950 - 2003 hafa orðið þrjú áberandi vaxtarskeið. **Fyrst þegar Sementsverskmiðjan tók til starfa, síðan þegar Íslenska Járnblendifélagið hóf rekstur og loks með tilkomu Norðuráls.** Tilkoma þessara fyrirtækja var sem vítamínsprauta inn í samfélag sem þegar stóð traustum fótum með öflugum sjávarútvegi, þjónustufyrirtækjum og heilbrigðisstofnunum.

Á árunum 1950 - 1960 fjölgaði íbúum á Akranesi úr 2.577 í 3.822 eða um samtals 1.245 manns, sem er 48% fjölgun íbúa. **Enginn vafi er á því að þarna skipti uppbygging Sementsverskmiðjunnar höfuðmáli,** en starfsmenn hennar voru framan af um 160 - 180 manns. Á árunum 1970 til 1980 fjölgaði íbúum úr 4.253 í 5.200 -- um 947 manns eða 22%. **Gangsetning Járnblendiverksmiðjunnar árið 1978 hafði þarna mikil áhrif.** Eftir árið 1987 fækkaði íbúum á Akranesi samtals um 321 íbúa til ársins 1995 og nemur sú fækkun 6.2%. Orsök þess var almennur samdráttur í hagkerfinu, samfara fastgengisstefnu í bullandi innri verðbólgu. Akranes lenti afar illa í þeirri niðursveiflu og fækkaði störfum hratt í sjávarútvegi, fiskvinnslu og ýmsum iðngreinum -- járn-, sauma-, þrjóna- og byggingariðnaði. **Straumhvörf urðu árið 1996 þegar hafist var handa við byggingu Norðuráls og Hvalfjarðarganga** og fjölgaði íbúum þá aftur.

Ennþá er uppbygging í fullum gangi á Grundartanga og stöðug fólksfjölgun og uppbygging á Akranesi samfara því.

Eitt af því sem fylgir komu fyrirtækja eins og stórfyrirtækjanna á Grundartanga er alveg ný hugsun og bjartsýni. Þegar fólk með ólíka menntun og ólíkan bakgrunn kom saman og lagðist á árar með kraftmiklum heimamönnum fóru hjólin að snúast. Í kjölfarið fylgdu nýjar hugmyndir og ný vinnubrögð. Gleggsta dæmið um þetta eru Hvalfjarðargöngin.



Hvalfjarðargöngin skiptu sköpum fyrir alla íbúa á Vestur- og Suðvesturlandi

Ef einhver hefði komið fram með þá hugmynd fyrir 20-30 árum síðan að bora göng undir Hvalfjörð hefði slík hugmynd ekki fengið mikinn hlómgrunn - slíkt hefði einfaldlega þótt óhugsandi og vonlaust hefði verið að fá fjárfesta að slíku verki. Eins og allir muna urðu miklar umræður um göngin áður en framkvæmdir hófust. M.a. heyrðist þetta: **“Látið ykkur ekki detta það í hug að það fífl fyrirfinnist í heiminum að hann sé tilbúinn að lána peninga norður í dumbshaf og eina tryggingin sé hola ofna í jörðina”**. Við þekkjum svo öll hvernig til tókst með fjármögnun gangnanna! Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur yrði slík fjármögnun bæði auðveldari og ódýrari í dag.

Þessi hugmynd og framtíðarsýn kom með þessum fyrirtækjum og því fólki sem þar starfaði. Allir vildu sennilega þessa Lilju kveðið hafa í dag, um það er ég viss.

Samfélag eins og Akranes þarf á því að halda að ferskar hugmyndir og framtíðarsýn komi frá framsæknum fyrirtækjum til eflingar samfélaginu. Annars er hætta á stöðnun, jafnvel hnignun, og vísa ég aftur í línuritið sem ég sýndi hér áðan. Við Skagamenn þekkjum vel þau áhrif sem fylgja slíku ástandi. Þess vegna hefur mikil áhersla verið lögð á að nýta vel þau tækifæri sem gefast með uppbyggingunni á Grundartanga og þeim tækifærum sem Hvalfjarðargöngin færðu okkur.

Rannsóknir hafa sýnt að ávinningurinn af göngunum undir Hvalfjörð er gríðarlegur. Nægir þar að nefna herra virði fasteigna á Akranesi, hærri laun, meira atvinnuúrval og -öryggi, lægra vöruverð og meiri þjónustu. Akranes varð með þessu -- hluti af stærsta atvinnusvæðinu og mikilvægasta markaðnum. Á sama tíma höfum við á vissan hátt tekið þátt í uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu og lagt fram hugmyndir sem ekki hafa hvað síst komið höfuðborgarsvæðinu til góða.

Það var engin tilviljun að Skagamenn gengu til samstarfs við Orkuveitu Reykjavíkur og hafa tekið virkan þátt í uppbyggingu þess ágæta fyrirtækis. Við erum arkitektar að Faxaflóahöfnum og höfum leitt umræður um tvöföldun Hvalfjarðargangna og lagningu Sundabrautar. Vissulega er mikilvægt fyrir okkur að efla hafnirnar á Grundartanga og á Akranesi en það ber einnig að hafa í huga hversu mikilvægt það er að færa umferðarþunga og vöruflytninga af helstu umferðaræðum höfuðborgarinnar og inn á Sundabraut. Einnig sjáum við fyrir okkur gríðarleg tækifæri með því að færa fraktflutninga smátt og smátt á Grundartanga, færa ýmsa hafnsækna starfsemi þangað og skapa um leið svigrúm fyrir höfuðborgarbúa

að losa verðmætt byggingarland við sjóinn og skapa þar tækifæri til uppbyggingar, t.d. á Geldinganesi. Sundabraut og Hvalfjarðargöng eru mikilvæg framfaraskref fyrir Akranes, ekki skal gert lítið úr því, en þetta er alls ekki einkamál Skagamanna. Þessi mikilvægu samgöngumannvirki skipta gríðarlegu máli fyrir alla íbúa á Vestur- og Suðvesturlandi, ekki síst höfuðborgarbúa sjálfa.



Uppbyggingunni á Grundartanga hafa líka fylgt ýmsir vaxtarverkir, t.d. kröfur um aukið vinnuafli sem ekki var eingöngu til á Akranesi. Fjölgun íbúa leiddi til breytinga á innra skipulagi samfélagsins; fleiri skóla- og leikskólarymi, fleiri lóðir til íbúðabygginga, fleiri menntunar- og atvinnutækifæri fyrir fjölskyldur þeirra sem vinna á Grundartanga og svo má áfram telja. Á sama tíma hafa Skagamenn þurft að glíma við samdrátt í sjávarútvegi, sementsframleiðslu og skipasmíðaiðnaði; þ.e.a.s. í þeim atvinnugreinum sem í gegnum tíðina hafa verið kjölfestan í atvinnulífi bæjarins.

Vissulega hefur Akranes vaxið sem bær með tilkomu stóriðjunnar á Tanganum. Það er eitt af mikilvægustu hlutverkum bæjaryfirvalda að nýta þau tækifæri sem þessari uppbyggingu fylgja, en á sama tíma má ekki gleyma því að hlúa að því sem fyrir er. Að stuðla að því að bærinn búi við það innra skipulag sem dugar til að takast á við þessi verkefni og þá uppbyggingu sem þar á sér stað. Það er aftur á móti afar spennandi að standa í þeim sporum að þurfa að glíma við vaxtarverki uppbyggingar og tækifæra fremur en að glíma við samdrátt og niðursveiflu.

En framtíðin er björt og tækifærin mörg.

Íþróttamiðstöðin á Jaðarsbökkum

Fimmtudagur 26. janúar 2006 kl. 14:45



Þessum krafti í uppbyggingu fylgja aukin tækifæri og í dag vinnum við Skagamenn að því að nýta þá þekkingu sem komin er inn á svæðið til að efla og styðja við aukna menntun, rannsóknir og sérþekkingu. Er þetta ekki síst mögulegt með samvinnu við háskóla og æðri menntastofnanir sem og fyrirtækin sjálf sem þannig geta stutt við t.d. rannsóknir er tengjast doktorsnámi eða öðru framhaldsnámi sem tengist starfsemi þeirra. Einnig verður að líta til þess sem kallað hefur verið "spinn-off" -áhrif. Einn hlutur því tengdur er tilurð Faxaflóahafna en Akurnesingar beittu sér mjög fyrir því að af þeirri sameiningu yrði - eru arkitektar þess, eins og ég kallaði það áður. Með tilkomu þessa öflugra fyrirtækis opnast margir möguleikar t.d. varðandi sérhæfðari þjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Til að ná fram öllum þeim áhrifum og hagræðingu sem Faxaflóahafnir geta leitt til höfum við hjá Akraneskaupstað einnig beitt okkur mjög fyrir því að Sundabraut verði hraðað, eins og ég nefndi áður.

Ekki má gleyma þeim fyrirtækjum sem fyrir eru heldur miklu frekar styðja við þau þannig að þau taki við sér og nái að blómstra í þeirri uppsveiflu sem er á svæðinu. Þarna hefur uppbyggingin á Grundartanga haft mikil áhrif, enda sækja verktakar og iðnaðarmenn frá Akranesi verkefni þangað. Þetta hefur einnig augljós áhrif á stöðu iðnmenntunar í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Ungt fólk sækir í slíkt nám ekki síst vegna þess að það veit að næga atvinnu er að fá. Þetta kallar á enn frekari eflingu verknáms.

Skapa verður gott umhverfi og aðbúnað fyrir fjölskyldur með góðum menntastofnunum og öðru því sem nútímafjölskyldan sækist eftir. Það þarf að skapa jarðveg svo að mannlífið allt geti blómstrað. Þetta hefur okkur tekist á Akranesi, en þessu verkefni lýkur sem betur fer aldrei.

Það má alltaf gera betur!